

Norrænt menningarsamstarf
2010–2012
– markmið og framtíðarsýn





Norrænt menningarsamstarf 2010–2012
– markmið og framtíðarsýn

ANP 2010:753

© Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn 2010

ISBN 978-92-893-2116-7

Umbrot: Jette Koefoed

Kápa: ImageSelect

Fjöldi eintaka: 1000

Prentun: Arco Grafisk, Skive

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur og má merkja með svaninum, norræna umhverfismerkinu.

Rítið má panta á www.norden.org/order.

Fleiri rit eru á www.norden.org/publikationer

Printed in Denmark



Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heimi. Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð eiga aðild að samstarfinu, auk sjálfstjórnarsvæðanna Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og hefur mikið vægi í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í sameiningu er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.

Norræna samstarfið miðar að því að efla hag og gildismat Norðurlanda í hnattvæddum heimi. Sameiginleg gildi styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra landsvæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Nordisk Ministerråd

Ved Stranden 18
DK-1061 København K
Sími (+45) 3396 0200

Nordisk Råd

Ved Stranden 18
DK-1061 København K
Sími (+45) 3396 0400

www.norden.org

Norrænt menningarsamstarf 2010–2012 – markmið og framtíðarsýn

- 7 Markmið og framtíðarsýn
- 9 Málefni í norrænu menningarsamstarfi 2010–2012
- 15 Stefnumörkun og starfsáætlanir



Markmið og framtíðarsýn

Norrænt menningarsamstarf er traust. Það hefur víðtæk áhrif og endurspeglar grunnildi norrænna samfélaga. Framsækið samstarfið nær að fanga og hafa áhrif á margþættar samfélagsbreytingar á Norðurlöndum og víðar um heim.

Norræna ráðherranefndin vill efla menningarsamstarfið enda eru menning og listir hornsteinn þeirrar samkenndar sem bindur Norðurlandþjóðirnar saman.

Á síðari árum hafa orðið töluverðar breytingar á samstarfsháttum í norrænu menningarsamstarfi. Stefnt er að því að gera það enn opnara, gagnsærra og sveigjanlegra.

Þeirri stefnu verður fylgt á næstu árum því brýnt er að aðlaga menningarsamstarfið að breyttum aðstæðum á Norðurlöndum og í heiminum öllum.

Breytingunum þarf sífellt að fylgja eftir. 2010 hefst ítarlegt endurmat á menningarsamstarfinu, sem á að leiða í ljós hvaða breytinga er þörf og hverju beri að halda áfram.

Hvers vegna norrænt menningarsamstarf?

Viðfangsefni og verkefni í norrænu menningarsamstarfi eru af ýmsum toga og ná yfir vítt svið, allt frá starfi áhugamanna til listsköpunar atvinnufólks. Báðir hópar eiga að fá að njóta sín og þroskast og eiga norrænar stofnanir og áætlanir þátt í að skapa þeim góða og sveigjanlega ramma.

Meginmarkmið menningarsamstarfsins eru þrjú:

1. samstarfið endurspeglar áherslur í menningar- og listastefnu norrænu ríkjanna,
2. samstarfið auki norrænar áherslur í ríkjunum,
3. samstarfið örvi samspil hins norræna og hins alþjóðlega.

Þetta eru einnig markmið stofnana og starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar og þar má nefna norrænu húsin og stofnanirnar, menningaráætlanir og Norrænan menningarvettvang.

Sex málefni


Í stefnumörkun um norrænt menningarsamstarf 2010–2012 er áhersla lögð á sex málefni. Þau eru:

1. Norðurlönd sem skapandi svæði – brugðist við áskorunum hnattvæðingar
2. Norrænn tungumálaskilningur
3. Menning fyrir börn og unglinga
4. Menningarleg fjölbreytni
5. Norrænn menningararfur
6. Formennskuáætlun ráðherranefndar menningarmála

Norrænt menningarsamstarf 2010–2012 – markmið og framtíðarsýn lýsir almennri stefnumörkun og málefnum í norrænu menningarsamstarfi 2010–2012.

UPPLÝSINGAR:

Ráðherranefnd menningarmála hefur 160 milljónir danskra króna til ráðstöfunar á ári hverju. Stórum hluta fjárens er varið í styrki til verkefna sem listafólk og aðrir þátttakendur í menningarlífi sækja um hjá Norræna menningarsjóðnum og áætlunum ráðherranefndarinnar. Annað fé rennur til reksturs norrænu húsanna og stofnananna og menningarverðlaunanna þriggja.



Málefni í norrænu menningarsamstarfi 2010–2012

1. Norðurlönd sem skapandi svæði – brugðist við áskorunum hnattvæðingar

Markmið

Norræn menning og listir verði sífellt meira áberandi á alþjóðavettvangi. Með norrænni menningu og listum ber að bregðast við áskorunum hnattvæðingarráðgjafarinnar og nýta þau tækifæri sem hún býður upp á.

Norrænu menningarmálaráðgjafarinnir hafa samþykkt framsækna hnattvæðingaráætlun fyrir menningarmál og fjölmiðlasamstarf og er hún sjálfstæður liður í hnattvæðingaráætlun Norrænu ráðherra- nefndarinnar.

Í hnattvæðingarstefnu menningarmálaráðgjafarinnar, „Norðurlönd sem skapandi svæði“, er m.a. fjallað um aðgerðir undir yfirskriftinni „Norræn menning í heiminum“. Í því sambandi verða þrjú stórir viðburðir á tímabilinu 2009–2011. Fyrsta skrefið var tekið þegar norrænar kvikmyndir voru kynntar í Torontó 2009. 2010 verður kynning á norrænni landslagshönnun á heimssýningunni í Sjanghæ og 2011 verða norrænar bókmenntir kynntar á Salon du livre í París.

Norrænt menningarsamstarf verður kynnt erlendis og á Norðurlöndum undir yfirskriftunum *Sýnilegri Norðurlönd, Aðgerðir til að efla þekkingu á Norðurlöndum og Velstæð Norðurlönd*.

Sýnilegri Norðurlönd – kynning á norrænni menningu erlendis

Norðurlandþjóðirnar hafa alla burði til að vera í fararbroddi í skapandi atvinnugreinum. Kvikmyndagerð þeirra, tónlist, bókmenntir, byggingarlist og hönnun eru á heims-mælikvarða. Á seinni árum hafa ríkin haft frumkvæði að samstarfi menningar- og atvinnulífs til þess að nýta sóknarfæri í afþreyingariðnaði.

Aðgerðir til að efla þekkingu á Norðurlöndum – ríkin skapi og laði að sér þekkingu

Norðurlandþjóðirnar geta gegnt mikilvægu hlutverki við að skapa þekkingu á menningarmálum í heiminum. Nýta ber norrænt menningarsamstarf til að styrkja hæfileika, miðla færni og leysa verkefni óháð landamærum.

Velstæð Norðurlönd – lýðræðis- og samræðuhefð getur orðið öðrum hvatning




Lýðræðis- og samræðuhefð á Norðurlöndum er til fyrirmyndar í heiminum. Nýta má norrænt menningarsamstarf til að skapa og miðla friðsamlegum og lýðræðislegum samræðum og efla þannig samskipti ólíkra menningarheima.

UPPLÝSINGAR

Skapandi iðnaður er í örum vexti og æ mikilvægari þáttur í alþjóðlegu hagkerfi. Skapandi atvinnugreinar standa vel að vígi og hafa alla burði til að vaxa enn frekar.

Þverfaglegur norrænn hópur, KreaNord, vinnur að því að efla og kynna skapandi atvinnugreinar. Tilmæli í stefnumörkun, tengslanet og þróunar- og kynningarstarf eru þær leiðir sem KreaNord fer til að samræma aðgerðir ólíkra menningar- og atvinnugreina í ríkjunum.

www.kreanord.org





2. Norrænn tungumálaskilningur

Markmið

Menning og listir bæti norrænan tungumálaskilning. Norðurlandamálin verði áberandi á opinberum vettvangi, í fjölmiðlum og kvikmyndum. Aukið framboð á bókum á tungum Norðurlanda.

Norðurlönd eru í dag fjöltyngt svæði þar sem borgararnir hafa góða tungumálakunnáttu og málstefnan byggir á lýðræðislegum hefðum.

Málstefna Norðurlanda getur því verið fyrirmynd annarra málsvæða í hnattvæddum heimi. Færni til að tjá sig á mörgum tungumálum er undirstaða þekkingar, sköpunar, yfirsýnar og alþjóðlegra tengsla sem ekki er til í samfélagi þar sem einungis er notað eitt tungumál.

Menningarsamskipti, bókmenntir, kvikmyndir og sjónvarp gefa einstakt tækifæri til að efla málskilning á Norðurlöndum.

UPPLÝSINGAR

Norrænar bókmenntir. Ráðherranefnd menningarmála veitir á ári hverju meira en 2,5 milljónir danskra króna til þýðinga á norrænum bókmenntum. Norðurlandabúum gefst þannig tækifæri til að lesa norrænar bókmenntir á móðurmáli sínu.

í heimi fyrir börn og ungmenni. Markmiðið er að bæta lífskjör og auka áhrif barna og unglunga, óháð kyni þeirra, uppruna, menningu, efnahag, aldri, búsetu, kynhneigð eða fötlun.

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar á flestum sviðum snertir líf barna og ungmenna. Því ber að gæta sjónarmiða æskufólks í starfseminni. Menningarsamstarfið er einn þeirra málaflokka sem verða settir í forgang á næstu árum.

3. Menning fyrir börn og unglunga

Markmið

Börn og unglunga fái betri tækifæri til að finna sköpun sinni farveg. Börn og unglunga fái betra aðgengi að norrænum stafrænum fjölmiðlum af bestu gerð. Norrænu húsin og stofnanirnar miðli og örvi barna- og unglunga-menningu.

Norræna ráðherranefndin hefur markað stefnu í málefnum barna og ungmenna. Framtíðarsýnin er sú að Norðurlönd eigi að vera besti staður

Ráðherranefnd menningarmála nýtur stuðnings barna- og ungmennanefndarinnar (NORDBUK). Þannig er tryggt að sjónarmið æskumenningar fái hljómgrunn í öllu starfi ráðherranefndarinnar þar sem það á við.

UPPLÝSINGAR

Norden før og nu er vefgátt fyrir börn og unglunga sem Norræna barna- og ungmennanefndin og Danmarks Radio stóðu að með styrk úr Norræna menningarsjóðnum. Á vefgáttinni er að finna gagnvirkar upplýsingar, m.a. um sögu Norðurlanda, menningu þeirra og tungumál. Þær eru hentugt kennsluefni um Norðurlönd.

4. Menningarleg fjölbreytni

Markmið

Auka ber menningarlega fjölbreytni í norrænu menningarsamstarfi.

Menningarsamstarfið á að stuðla að og efla fjölbreytileika menningarhugtaksins og tryggja þannig fjölbreytni og gæði í starfinu.

Í samstarfinu ber því að styðja margs háttar starfsemi, allt frá menningarsarfi áhugamanna til listsköpunar atvinnufólks. Með fjölbreytni er hér átt við: Menningarlega fjölbreytni – markhópa og innihald.

Menning og listir gefa fleirum kost á að nýta þau tækifæri sem skapast í þekkingarsamfélagi. Það á t.d. við um námsferli, félagslega þátttöku allra og forvarnir.

5. Norrænn menningararfur

Markmið

Menningarsamstarfið vekur athygli á norrænum menningararfi, stuðlar að varðveislu hans, nýtingu og framþróun.

Menningararfurinn veitir okkur þekkingu á þeim hefðum og leikreglum sem skapa sameiginlegan skilning Norðurlandabúa. Áherslur á menningararfinn geta aukið samkennd á Norðurlöndum og styrkt sjálfsmynd og tengsl íbúanna við nánasta umhverfi sitt og svæðið í heild sinni.

Þegar menningarheimar mætast reynir á sjálfsþekkingu hvers og eins. Takist að finna snertiflöt fyrir marga á innlendum og alþjóðlegum menningararfi aukast líkur á því að skapa megi sjálfbært samfélag.

Norðurlandþjóðirnar búa að langri reynslu af samstarfi um menningararfinn, hvort heldur á Norðurlöndum eða á alþjóðavettvangi. Tengja þarf samstarfið betur við yfirlýsingar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um menningarlega fjölbreytni, menningarminjar og menningararf sem og sáttmála Evrópuráðsins um menningararfinn.

6. Formennskuáætlun ráðherra- nefndar menningarmála

Markmið

Formennskuáætlunin stuðli að því að hrinda forgangsverkefnum norrænu menningarmálaráðherranna í framkvæmd. Hnattvæðingaraðgerðir sem samþykktar hafa verið komi til framkvæmda. Samfella í starfi menningarmálaráðherranna verði tryggð.

Það ríki, sem gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni hverju sinni, leggur fram formennskuáætlun á hverju sviði, sem endurspeglar og kemur til viðbótar þeim aðgerðum sem ráðherranefndin hefur þegar hafið. Formennskuáætlunin er því mikilvægur liður í að láta framtíðarsýn í norrænu menningarsamstarfi rætast.

Formennskubjóðin leitast við að skapa samfellu milli fyrri og komandi formennskuáætlana.

Eftirfarandi ríki gegna formennsku á árunum 2010–2012: Danmörk 2010, Finnland 2011 og Noregur 2012.





Stefnumörkun og starfsáætlanir

Áætlanir

- Norræna tölvuleikjaáætlunin
- Mannskiptaáætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkja
- Lista- og menningaráætlunin

Norræna tölvuleikjaáætlunin 2010–2011

Norræna tölvuleikjaáætlunin á að tryggja börnum og unglingum aðgengi að stafrænu efni af bestu gerð með greinilegu norrænu sniði. Áætlunin felst einkum í sölu og útflutningi, stafrænni dreifingu, fræðslu fyrir neytendur og framleiðendur og útflutningsstyrkjum.

Áætlunin á að:

- Stuðla að auknum gæðum og framboði á norrænum tölvuleikjum fyrir börn og unglina.
- Tryggja skilvirka grunngerð fyrir norræna aðila sem skapa, framleiða og dreifa tölvuleikjum.
- Samræma norrænar aðgerðir.
- Tryggja skipti á upplýsingum og auka þekkingu á atvinnugreininni.
- Mynda tengslanet fyrir greinina.

Norræna tölvuleikjaáætlunin er í höndum Nordic Game Resources AB í Málmei í Svíþjóð.

www.nordicgameprogram.org

Mannskiptaáætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkja 2010–2011

Mannskiptaáætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í menningarmálum er fyrir þátttakendur á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum. Áætlunin er þríþætt: Styrkir til ferða, tengslaneta og dvalarstaða listafólks. Hægt er að veita styrki í öllum listgreinum til dvalar, tengslaneta á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum og dvalarstaða fyrir listamenn og aðra sem starfa að menningarmálum frá öðrum norrænum eða baltneskum ríkjum.

Eystrasaltsríkin og Norðurlönd fjármagna áætlunina og taka þátt í öllum ákvarðanatökum varðandi hana. Mannskiptaáætlunin á að stuðla að:

- Aukinni hreyfingu listafólks, framleiðenda og starfsmanna úr öllum lista- og menningargreinum.

- Fjölgun tengslaneta starfsfólks í menningarmálum.
- Aukinni starfsemi dvalarstaða fyrir listafólk.

Kulturkontakt Nord í Suomenlinna í Finnlandi sér um afgreiðslu styrkja áætlunarinnar.


www.kknord.org

Lista- og menningaráætlunin 2010–2011

Lista- og menningaráætlunin er fyrir starfsfólk og listamenn, stofnanir og samtök í norrænu menningar- og listalífi. Áætluninni hefur verið breytt í þá veru að nú geta samtök áhugamanna og félagasamtök í menningarlífi sótt um styrki áætlunarinnar frá og með árinu 2010.

Kulturkontakt Nord í Suomenlinna í Finnlandi sér um afgreiðslu styrkja áætlunarinnar.

www.kknord.org



Kulturkontakt Nord

Kulturkontakt Nord annast upplýsingamiðlun, framkvæmd verkefna og hefur umsjón með tímabundnum áætlunum um ákveðin málefni. Kulturkontakt Nord aðstoðar sérfræðinga-hópa sem bera faglega ábyrgð á úthlutun fjárens og samræmir starf þeirra.

Kulturkontakt Nord er til húsa á Suomenlinna í Finnlandi.

www.kknord.org

Norræn hús og stofnanir – Álandseyjar, Finnland, Færeyjar, Grænland og Ísland

Norrænu húsín í Færeyjum og á Íslandi og norrænu stofnanirnar á Álandeyjum, í Finnlandi og á Grænlandi gegna mikilvægu hlutverki í menningarsamstarfinu og sjá um upplýsinga-, miðlunar og kynningarstarf.

Einnig starfa upplýsingaskrifstofur í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Norðvestur-Rússlandi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Norræni menningarsjóðurinn

Norræni menningarsjóðurinn styrkir menningarverkefni á Norðurlöndum og norræn verkefni erlendis. Verkefni sem hljóta styrk endurspeglar allt menningarlífið, frá myndlist, leiklist, tónlist og dansi til bókmennta og nýrra fjölmiðla. Menntunar-, rannsókn- og þverfagleg verkefni geta fengið styrki úr sjóðnum svo framarlega sem þau tengjast menningu og listum.

Norræni menningarsjóðurinn og Norræna ráðherranefndin eiga á árunum 2010–2012 að hafa náð samráð um stefnumótun í norrænu menningarsamstarfi.

Skrifstofa Norræna menningarsjóðsins er í Kaupmannahöfn í Danmörku.

www.nordiskkulturfond.org

Norræn gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)

Hlutverk gagnamiðstöðvarinnar er að miðla þekkingu um fjölmiðlarannsóknir og fjölmiðlaþróun í norrænu ríkjunum.

Gautaborgarháskóli í Svíþjóð sér um rekstur NORDICOM.

www.nordicom.gu.se

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn

Norræni kvikmynda- og sjónvarps-sjóðurinn á að efla framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis af bestu gerð í löndunum fimm (Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð). Styrkir eru veittir til að fjármagna leiknar kvikmyndir og sjónvarpsefni/þáttaraðir og listrænar heimildamyndir.

Skrifstofa Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins er í Ósló í Noregi.

www.nordiskfilmogtvfond.com

Endurmenntunarstofnun norrænna blaðamanna

Endurmenntunarstofnun norrænna blaðamanna (NJC) skipuleggur fjölbreytt námskeið og námstefnur og stendur auk þess fyrir ýmis konar annarri starfsemi til að viðhalda og auka áhuga fjölmiðla á norrænu samstarfi og menningarlegum tengslum.

Endurmenntunarstofnun norrænna blaðamanna er í Árósum í Danmörku.

www.njc.dk

Norrænu menningarverðlaunin. Bókmenntir, tónlist og kvikmyndir.

Norrænu menningarverðlaunin vekja athygli á listum og menningu Norðurlanda. 2009 var ákveðið að gera samhent átak til að kynna verðlaunin. Stefnt er að því að vekja athygli á því mikilvæga hlutverki sem verðlaunin gegna í menningarsamstarfinu og skapa samstarf og samlegðaráhrif milli verðlaunanna og kynningar á þeim.

Norræni kvikmynda- og sjónvarps- sjóðurinn hefur umsjón með kvikmyndaverðlaununum, landsdeild Svía í Norðurlandaráði með bókmenntaverðlaununum en tónlistarverðlaunin eru í höndum Norðurlandahússins í Færeyjum.

Samræður – Nordisk Kulturforum

Norræna ráðherranefndin stendur fyrir ráðstefnum, málþingum og málstofum undir yfirskriftinni „Norrænn menningarvettvangur“. Þar skiptast ráðherranefndin og fulltrúar menningar- og listalífsins á hugmyndum og upplýsingum.

Norrænn menningarvettvangur er mikilvægasti farvegur upplýsinga til og frá ráðherranefndinni um framþróun áætlaða og aðgerða í menningarlífi Norðurlanda til framtíðar. Efla þarf samskiptin á Norrænum menningarvettvangi til þess að samræðurnar þjóni betur tilgangi sínum.

Afrakstur Norræns menningarvettvangs á hverju sinni að vera í formi tillagna til menningarmálaráðherranna um hvernig miða megi menningarsamstarfinu fram á við. Málefni sem þar eru rædd eiga ætíð að endurspeglar meginmarkmið menningarsamstarfsins.


Mat

Meta þarf árangur þeirra skipulagsbreytinga á norrænu menningarsamstarfi sem gerðar voru 2007. Endurmatið á m.a. að leiða í ljós hvort norrænt menningarsamstarf þyki notadrjúgt, sveigjanlegt og gagnsætt.

Nokkrar breytingar hafa þegar verið gerðar eins og fram kemur í þessari stefnumótun um markmið og framtíðarsýn menningarsamstarfsins. Þær voru gerðar í samráði við menningar- og listageirana, m.a. á tveimur fundum Norræns menningarvettvangs sem haldnir voru 2009.

Framtíð norræns menningarsamstarfs – innihalds þess og aðferða – mun ráðast af eftirspurn og hugmyndum stjórnáráðgjafanna og sérfræðinga.







norden

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18
DK-1061 København K
www.norden.org

ANP 2010:753
ISBN 978-92-893-2116-7